

Sp.

609. Fyrirspurn

[381. mál]

til utanríkisráðherra um framkvæmdir á vegum bandaríska herliðsins á Íslandi.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur koma nýrra orustuflugvéla til Keflavíkurflugvallar, og jafnframt fjölgun úr 12 vélum í 18, verið samþykkt í ríkisstjórninni?
2. Hefur ríkisstjórnin gefið heimild til að reisa fleiri sprengjuheld flugskýli á Keflavíkurflugvelli, til viðbótar þeim nú sem þar eru í byggingu, og hvenær var gefin heimild til að byggja skýli nr. 4—9?
3. Hefur ríkisstjórnin gefið heimild til að byggðir verði 2. og/eða 3. áfangi olfubirgðastöðvar í Helguvík?
4. Hafa ríkisstjórn Íslands eða utanríkisráðuneyti borist einhverjar áætlanir, lýsingar, umleitanir eða erindi varðandi byggingu nýrrar stjórnstöðvar á Keflavíkurflugvelli?
5. Hafa ríkisstjórn Íslands eða utanríkisráðuneyti borist einhverjar áætlanir, umleitanir eða erindi varðandi nýjar framkvæmdir við flugbrautir á Keflavíkurflugvelli?